



Í BYRJUN MÁNAÐAR


FRÉTTABRÉF ALMENNUNN VERKFRÆÐISTOFUNNAR

DESEMBER 2005



Myndir frá háskólatorgi eru fengnar að láni frá ÍAV.

Háskólatorg HÍ



Almenna verkfræðistofan er aðili að vinningstillögu um Háskólatorg HÍ, sem verkfræðiráðgjafi á sviði grundunar, burðarvirkjahönnunar, hönnunar lagna- og lofræsikerfa og hljóðvistarráðgjafar. Av er hluti af hóp sem samanstendur að ÍAV, arkitektastofunum Hornsteinum og Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar, RTS, VSI og Akustikon.

Háskólatorg samanstendur af tveimur byggingum, sem verða alls um 8.600m², ásamt tengibyggingum. Háskólatorg 1, sem er á þremur hæðum, mun vera á grasflötinni milli aðalbyggingar Háskólans og íþróttahússins. Háskólatorg 2 sem er á tveimur hæðum, verður reist á bílastæðinu milli Odda, Lögbergs og Nýja Garðs.

Unnið er að hönnun bygginganna og er áætlað að verklegar framkvæmdir hefjist í apríl 2006. Áætlað er að uppsteypu verði lokið í lok árs og gert er ráð fyrir að húsunum verði lokað á vormánuðum 2007. Frágangur lóðar fer fram sumarið 2007 og frágangur innanhúss haustið 2007. Gangi áætlanir eftir verður Háskólatorg afhent í nóvember 2007 og það vígt 1. desember 2007.

Háskólatorg leysir úr brýnni þörf Háskólans fyrir vinnuaðstöðu kennara, sérfræðinga og stundakennara. Þá er í báðum byggingunum gert ráð fyrir les- og vinnuaðstöðu fyrir á fjórða hundrað stúdenta í grunn- og framhaldsnámi úr öllum deildum skólans.

Framlag Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands gerir Háskólanum kleift að ráðast í byggingarframkvæmdirnar en jafnframt verða þær fjármagnaðar með sölu fasteigna og lántöku Happprættis Háskóla Íslands.

Ufsarstífla og Hraunaveita

Í nóvember var bygging Ufsarstíflu og Hraunaveitu boðin út.

Hraunaveita felur í sér veitu þriggja áa á Múla og Hraunum, Kelduá, Grjóta, Innri-Sauða ásamt útrenslu úr Sauðarvatni til Jökulsár í Fljótsdal. Jökulsá í Fljótsdal er stífluð með Ufsarstíflu, austan af Hafursárufis og Ufsarlón myndað. Frá Ufsarlóni liggja Jökulsárgöng sem tengjast aðrennslisgöngum Kárahnjúka-virkjunar.

Almenna verkfræðistofan hefur undanfarna mánuði í samvinnu við Hönnun og Rafhönnun unnið að hönnun og gerð útboðsgagna fyrir Ufsarstíflu og Hraunaveitu.

Starfsmenn fögnuðu komandi vetri



Dixielandfélagið var hljómsveit kvöldsins

Starfsmenn gerðu sér glaðan dag í boði AV og fögnuðu komandi vetri, að hætti hússins, og mikið var um dýrðir. Dixielandfélagið var hljómsveit kvöldsins og boðið var upp á Kínafóður að austurlenskum sið. Farið var í nokkra leiki og síðan var sungið og trallað fram á kvöld.

Jólahlaðborð starfsmanna



Frá jólahlaðborði starfsmanna

Almenna verkfræðistofan bauð starfsmönnum sínum í hádegis jólahlaðborð á Hótel Loftleiðum, föstudaginn 9. des sl. Mjög góð mæting var og var ekki annað að sjá en að starfsmenn hefðu mætt hungraðir til leiks og farið mettir til baka.

Nýir starfsmenn

Katrín Prastardóttir


er með B.Sc. gráðu í umhverfisverkfræði frá Háskóla Íslands. Hún hóf störf á Verkefnastjórnunarsviði 17. október. Hún mun starfa við ýmis verkefni, m.a. viðhald mannvirkja.



Hrafnkell Á. Proppé



er B.Sc. nemi í umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann hóf störf á Umhverfissviði 1. des., með aðstöðu á Akranesi. Hann mun sinna ýmsum verkefnum.



Ingunnarskóli, nýr grunnskóli í Grafarholti:

Ingunnarskóli, nýr og stórglæsilegur 5.500 m² grunnskóli Reykjavíkurborgar, var formlega opnaður og vígður í Grafarholti föstudaginn 2/12 2005 að viðstöddum nemendum og starfsfólki skólans, borgarstjóranum í Reykjavík, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, borgarfulltrúum og embættismönnum Reykjavíkurborgar og fjölda boðsgesta. Framkvæmdin var í höndum Skrifstofu mannvirkjagerðar Reykjavíkurborgar, en Menntasvið hennar verður notandinn eins og að öðrum grunnskólum. Almenna verkfræðistofan sá um burðarþols-, lagna- og lofræsihönnun skólans. Það er samdána álit þeirra sem skoðað hafa skólana, að þarna sé um sérlega velheppnað mannvirki að ræða í fögru umhverfi.

Ný bílageymsla í Stjörnu-bíóreit á Laugavegi 86-94:

Laugardaginn 26/11 2005 opnaði Bílastæðasjóður Reykjavíkurborgar formlega, rúmgott, bjart og vel skipulagt, 5.700 m², bílastæðahús á Laugavegi 86-94 fyrir 193 bíla í 3 kjöllum. Alfræð Þorsteinsson forseti borgarstjórnar opnaði það formlega, klippti borðann að viðstöddum borgarfulltrúum, embættismönnum, fulltrúum verslunareigenda við Laugavegin, gestum og gangandi. Verslunareigendur stóðu af þessu tilefni fyrir dagskrá framan við húsið og Bílastæðasjóður bauð upp á veitingar. Ístak ásamt samstarfsaðilum var hlutskarpast í alútbóði Bílastæðasjóðs á framkvæmdinni. Almenna verkfræðistofan annaðist hönnun burðarvirkja, lagna- og lofræsikerfis og jarðtæknilega ráðgjöf.